

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 443 28. desember 1976 um skoðanir, viðhald og viðgerðir loftfara, sbr. reglugerð nr. 433 18. október 1979 um breytingu á henni.**

### 1. gr.

Í reglugerðina bætist ný grein 7. gr. svohljóðandi:

Skoðanir, viðhald, viðgerðir og/eða breytingar íslenskra loftfara erlendis mega einungis fara fram hjá aðilum sem uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

- 1) hafi fullgild réttindi flugmálastjórnar Bandaríkjanna (FAA) til þess að framkvæma sama verk á loftförum skráðum í Bandaríkjunum (FAA licensed mechanic/FAA approved Repair Station or Operator), enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum bandarísku flugmálastjórnarinnar (FAR).
- 2) hafi fullgild réttindi flugmálastjórnar Bretlands (CAA) til þess að framkvæma sama verk á loftförum skráðum í Bretlandi (CAA licensed mechanic/CAA approved Repair Station or Operator), enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum bresku flugmálastjórnarinnar (BCAR).
- 3) hafi fullgild réttindi flugmálastjórnar heimalands síns til þess að framkvæma sama verk á loftförum skráðum í heimalandi sínu, enda fari viðkomandi í einu og öllu eftir ákvæðum og reglum flugmálastjórnar heimalands síns og heimaland hans sé eitthvert eftirtalinna landa: Danmörk, Svíþjóð, Noregur, Finnland, V-Þýskaland, Holland, Belgía, Luxembourg, Austurríki, Sviss, Frakkland, Írland, Kanada, Nýja Sjáland eða Ástralía.
- 4) hafi verið samþykktur sérstaklega af íslensku flugmálastjórninni.

### 2. gr.

Greinatala reglugerðarinnar breytist í samræmi við 1. gr. reglugerðar þessarar, þannig að greinar 7—9 verði greinar 8—10.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt III. kafla, sbr. 186. og 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og gildir um íslensk loftför hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um fallhlífarstökk, nr. 440 28. desember 1976.**

### 1. gr.

Nýr liður, 4.2.3., bætist inn í 4. gr. Skipulagning, lágmarkskröfur o. fl. sem orðist svo:

4.2.3. Þegar fallhlífarstökk er sýnt á útsamkomum má minnka radíusinn niður í 50 m og öryggissvæði mega vera aðliggjandi svæði. Þetta má þó aðeins leyfa að því tilskyldu, að stökkvararnir uppfylli kröfur fyrir C- skírteini, samkvæmt reglum F.A.I., hafi stýranlega varafallhlíf og þegar vindur yfir jörðu er ekki meiri en 6 m á sekúndu (12 hnútar).

### 2. gr.

Liður 4.2.3. í 4. gr. Skipulagning, lágmarkskröfur o. fl. verði 4.2.4.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21, maí 1964 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 12. ágúst 1982.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

12. ágúst 1982.

Nr. 480.

## SAMPYKKT

### um afgreiðslutíma verslana í Vestmannaeyjum o. fl.

## 1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Vestmannaeyjum, þ. á. m. sölu- turna, svo og til brauðbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum er tíðkast hafa í hverri grein.

Bæjarstjórn getur með samþykkt ráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annara fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensín- afgreiðslur. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðasölu á götum, merkjasölu og annars slíks.

## 2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 8.00, og lokað skal þeim ekki síðar en kl. 20.00.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kl. 22.00, en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaðir verði opnaðir fyrir en segir í grein þessari.

## 3. gr.

Brauðbúðir mega vera opnar kl. 8.00 - 20.00 virka daga, nema laugardaga, en þá skal lokað eigi síðar en kl. 16.00. Á sunnudögum og eins öðrum dögum, er taldir eru í B-lið 6. gr. skal lokað eigi síðar en kl. 16.00.

## 4. gr.

Bæjarstjórn getur að fengnum tillögum lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar leyft, að vikið sé frá ákvæðum 2. gr. þegar um er að ræða söluturna og sambærilega sölustaði, þannig að þeir verði opnir til kl. 23.30 alla daga aðra en þá, er um ræðir í A- lið 6. gr.

Sölustaðir þeir, sem um ræðir í 1. mgr. skulu algerlega aðgreindir frá verslun eða birgðageymslu verslunar. Bæjarstjórn getur ákveðið, að sala þar megi eingöngu fara um söluop.

Bæjarstjórn setur að fengnum tillögum Félags kaupsýslumanna í Vestmannaeyjum sér-